

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Friggjarbrunnur 51.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 29. mars 2017, breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals, hverfi 4, vegna lóðarinnar nr. 51 við Friggjarbrunn. Í breytingunni felst að heimilt verði að innkeyrsla í bílakjallara Friggjarbrunnis 51 liggi um lóðina Friggjarbrunn 47A, sem er sameiginleg aðkomulóð fyrir lóðir nr. 47 og 49. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Álagrandi 6.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 7. apríl 2017, breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr. 6 við Álagranda. Í breytingunni felst að bæta við nýjum byggingarreit á lóð fyrir hús sem nýtt verður sem vinnuherbergi/tómstundaherbergi. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 28. apríl 2017.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 15. maí 2017